

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

1. Að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á stíg við vestari enda Traðarlands nema vegna þjónustu við tennisvelli íþróttafélagsins Víkings.
2. Að vöruafgreiðsla verði heimiluð í rútustæði á Framnesvegi við Sólvallagötu 67, Vesturbæjarskóla, óháð tíma dags.
3. Að eitt bifreiðastæði við Skúlagötu, nyrst af þeim stæðum sem eru við Skúlagötu 10, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
4. Að bifreiðastæði við Njálsgötu 67 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
5. Að tíu bílastæði í bílahúsinu Traðarkoti við Hverfisgötu, til viðbótar við áður auglýst sex bílastæði, verði merkt sem stæði eingöngu ætluð bifreiðum til rafhleðslu.
6. Að tvö bílastæði í bílahúsinu við Vesturgötu, til viðbótar við áður auglýst fjögur bílastæði, verði merkt sem stæði eingöngu ætluð bifreiðum til rafhleðslu.
7. Að tuttugu og tvö bílastæði í bílahúsinu Kolaporti við Kalkofnsveg verði merkt sem stæði eingöngu ætluð bifreiðum til rafhleðslu.
8. Að tólf bílastæði í bílahúsinu Vitatorgi við Vitastíg, til viðbótar við áður auglýst tólf bílastæði verði merkt sem stæði eingöngu ætluð bifreiðum til rafhleðslu.
9. Að tólf bílastæði í bílahúsinu Stjörnutorgi við Laugaveg, til viðbótar við áður auglýst sex bílastæði, verði merkt sem stæði eingöngu ætluð bifreiðum til rafhleðslu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 250/2024.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Reykjavík, 30. júní 2026.*

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,  
**Dagný Alma Jónasdóttir** lögfræðingur.

---

B deild - Útgáfudagur: 14. júlí 2026